



Fundargerð

Stjórn VJÞ - 139. fundur stjórnar VJÞ haldinn á fjarfundi,
25. maí 2020, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Auður H. Ingólfssdóttir, formaður stjórnar,
Vilhjálmur Árnason, varamaður formanns stjórnar,
Anna Dóra Sæþórsdóttir, varaformaður stjórnar,
Þorkell Lindberg Þórarinnsson, varamaður varaformanns stjórnar,
Anton Freyr Birgisson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Skútustaðahrepps,
Ásta Berghildur Ólafsdóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Ásahrepps,
Matthildur Ásmundardóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitafélagsins
Hornafjarðar,
Sævar Þór Halldórsson, aðalfulltrúi, tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum,
Snorri Ingimarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af Samtökum útivistarféлага,
Steingrímur Karlsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af ferðamálasamtökum á svæði
Vatnajökulsþjóðgarðs,
Magnús Guðmundsson, framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs,
Ingibjörg Smáradóttir, sérfræðingur á skrifstofu Vatnajökulsþjóðgarðs,

Gestir:

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs,
Stefanía Ragnh. Ragnarsdóttir, fræðslufulltrúi Vatnajökulsþjóðgarðs.

1. Svæðisráð austursvæðis - 96. fundur - 2005001F

Fundargerð lögð fram til upplýsingar í fjarveru fulltrúa austursvæðis.

2. Svæðisráð vestursvæðis - 84 - 2005003F

Formaður svæðisráðs vestursvæðis fór yfir fundargerð vestursvæðis.

3. Svæðisráð suðursvæðis - 80 - 2005002F

Formaður svæðisráðs suðursvæðis fór yfir fundargerð suðursvæðis.

4. Matsnefnd leyfisveitinga - 1. fundur - 2005004F

Fyrir fundinum lá fundargerð matsnefndar leyfisveitinga til kynningar.

5. Matsnefnd leyfisveitinga - 2. fundur - 2005006F

Fyrir fundinum lá fundargerð matsnefndar leyfisveitinga til kynningar.

6. Matsnefnd leyfisveitinga - 3. fundur - 2005007F

Fyrir fundinum lá fundargerð matsnefndar leyfisveitinga til kynningar.

7. Rekstur 2020 - 2003002

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um rekstur þjóðgarðsins mánuðina janúar til og með apríl 2020.

Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri - 13:00

Fjármálastjóri gerði grein fyrir stöðunni á rekstri Vatnajökulsþjóðgarðs eftir fyrstu fjóra mánuði ársins. Staðan er í góðu jafnvægi. Fjármálastjóri gerði einnig grein fyrir því að uppfærð rekstraráætlun vegna ársins 2020 hafi verið send til umhverfis- og umhverfisráðuneytisins og Fjársýslu ríkisins.

8. Gjaldskrá Vatnajökulsþjóðgarðs 2020 - 2005026

Fyrir fundinum lágu drög að endurskoðaðri gjaldskrá Vatnajökulspjóðgarðs 2020 auk skýringa.

Stjórn samþykkir tillögu að endurskoðun á gjaldskrá sem eru aðallega til komnar vegna þess að gistináttagjald hefur verið felldur niður og vegna gildistöku reglugerðar um atvinnutengda starfsemi í þjóðgarðinum. Stjórn leggur þó til að haft verði óbreytt fyrirkomulag vegna flygildaleyfa (drónaleyfi) og ekki verði breytingar vegna íshellaferða.

9. Fræðslumál 2020 - 2004086

Fræðslufulltrúi kynnrir aðgerðir í fræðslumálum Vatnajökulspjóðgarðs.

Gestir

Stefanía Ragnarsdóttir, fræðslufulltrúi - 13:30

Stefanía Ragnarsdóttir fræðslufulltrúi gerði grein fyrir helstu áherslum og verkefnum á sviði fræðslu- og kynningarmála á næstu misserum hjá Vatnajökulspjóðgarði.

10. Breytingar á stjórnunar- og verndaráætlun - leiðbeiningar - 2005016

Lagt fram til kynningar.

Stjórn óskar eftir því að unnin verði tillaga að verkefnislýsingu vegna 1. áfanga í endurskoðun á texta og tilvísunum gildandi Stjórnunar- og verndaráætlunar. Tillagan verði unnin samkvæmt þeim leiðbeiningum sem voru til kynningar á þessum fundi. Framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir í samstarfi við þjóðgarðsverði.

11. Vestursvæði - Vonarskarð, næstu skref, verkefni svæðisráðs - 1907014

Fyrir fundinum lá minnisblað frá formanni stjórnar.

Formaður kynnti minnisblað varðandi skipulag vinnustofu vegna málefna Vonarskarðs en erfið átök hafa verið um lokun ökuleiðar um svæðið. Málstofunni er ekki ætlað að koma í stað þess að málefni Vonarskarðs verði rædd á vettvangi svæðisráðs og stjórnar, heldur er hún hugsuð sem leið til að gefa nægjanlegt pláss til að eiga efnisríkari og dýpri umræðu en tækifæri gefst til undir einstökum dagskrárliðum á fundum.

Stjórn samþykkir að vinnustofan verði haldin þann 30. júní nk. og felur formanni að halda áfram að undirbúningi með starfsmönnum þjóðgarðsins.

12. Utanvegaakstur - Til stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs - 2005009

Fyrir fundinum lá fyrirspurn um leyfi til utanvegaaksturs.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að svara erindinu.

13. Atvinnustefna - viðmið - 2005027

Fyrir fundinum lágu tillögur þjóðgarðsvarða um verkferli og tímaramma vegna innleiðingar atvinnustefnu.

Málinu um Esjufjöll er frestað til að afla frekari gagna. Stjórn samþykkir að stofnaður verði starfshópur um vinnslu viðmiða samkvæmt minnisblaði þjóðgarðsvarða vegna takmarkaðra gæða og þeir skili inn tillögu í samráði við fræðasamfélag fyrir 15. ágúst 2020.

14. Skipurit og stjórnskipulag Vatnajökulspjóðgarðs - 2004018

Fyrir fundinum lágu drög til samþykktar.

Stjórn samþykkir skjal um skipurit og stjórnskipulag Vatnajökulspjóðgarðs og felur framkvæmdastjóra að láta setja skjalið á heimasíðu þjóðgarðsins. Einnig óskar stjórn eftir því að skjalið verði sent til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og Ríkisendurskoðunar til upplýsingar.

15. Skýrsla framkvæmdastjóra - 1808006

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu mál frá síðasta stjórnarfundi.

Fundargerð ritaði: Ingibjörg Smáradóttir, fundarritari.

Fundi slitið kl. 15:50.